

Reglur um stuðningsfjölskyldur fyrir fjölskyldur barna með fötlun

1.kafli

Almenn atriði

1.gr.

Markmið og markhópur

Samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, með síðari breytingum og reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra nr. 155/1995 skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Þörf fyrir þjónustu er metin í hverju tilfalli fyrir sig út frá fötlun barns og aðstæðum fjölskyldunnar. Við matið er horft til aldurs barns, umönnunarpunga, stigs fötlunar og félagslegra aðstæðna fjölskyldunnar.

Markmið þjónustunnar er að létta álagi á fjölskyldur barna með fötlun og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku.

Þjónustan getur í sérstökum tilfellum staðið til boða fyrir ungmenni að 20 ára aldri.

2.gr.

Skipulag þjónustunnar

Fjölskyldu- og fræðsluvið Vestmannaeyjabæjar sér um framkvæmd þjónustunnar. Þjónustan stendur öllum fjölskyldum fatlaðra barna til boða sem eiga lögheimili í sveitarfélaginu og uppfylla önnur viðmið skv. reglum þessum.

Fjölskyldu- og fræðsluvið hefur það markmið að stuðla að því að alltaf séu fjölskyldur til reiðu sem stuðningsfjölskyldur. Við ráðningu stuðningsfjölskyldna er ávallt krafist læknis- og sakavottorðs. Hagir fjölskyldunnar eru kannaðir með heimsóknum og viðtölum í samræmi við 4.gr. leiðbeinandi reglna velferðarráðuneytisins um þjónustu stuðningsfjölskyldna. Stuðningsfjölskylda skrifar undir þagnarheit varðandi þær upplýsingar sem hún fær um einkahagi viðkomandi fjölskyldu. Einnig skulu forráðamenn barns undirgangast þagnareid varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur eða þegar samningur rennur út.

Dvöl miðast við sólarhringsþjónustu og er að hámarki 6 sólarhringar í mánuði. Einnig má semja um aðra tilhögun til þess að mæta þörf á dagsdvöl samkvæmt 12. gr. reglugerðar 155/1995.

2.kafli Umsóknir

3.gr. Umsóknarferli

Umsókn um stuðningsfjölskyldu skal vera skrifleg. Henni skal skilað til Fjölskyldu- og fræðslusviðs á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má í afgreiðslu Ráðhússins eða á heimasíðu Vestmannaeyja www.vestmannaeyjar.is. Umsóknin er skráð og ákveðið hvaða starfsmaður ber ábyrgð á málinu. Haft er samband við umsækjanda innan tveggja vikna.

4.gr. Afgreiðsla umsókna

Allar umsóknir eru afgreiddar á fundi hjá þjónustuhópi barna samkvæmt verkferli og vinnureglum varðandi stuðningsfjölskyldur hjá Vestmannaeyjabæ. Umsókn er metin, magn þjónustunnar ákveðið, ásamt tímalengd samnings og greiðslum til stuðningsfjölskyldna. Þar er umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins notað til hliðsjónar.

- Börn með umönnunarmat í flokki 1 fá 3 – 6 sólarhringa í mánuði.
- Börn með umönnunarmat í flokki 2 fá 3- 5 sólarhringa í mánuði.
- Börn með umönnunarmat í flokki 3 fá 1-2 sólarhringa í mánuði.
- Börn í umönnunarflokki 4 og 5 eiga ekki rétt á stuðningsfjölskyldu.

Tekið skal tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu eins og kostur er á.

5.gr. Kynning á ákvörðun

Ákvörðun um afgreiðslu umsóknar skal liggja fyrir innan fjögurra vikna frá því að umsókn berst til Fjölskyldu- og fræðslusviðs. Niðurstaðan skal vera skrifleg og send til umsækjanda, ef umsókn fer á biðlista ber einnig að senda skriflegt svar. Í synjunarbréfi skal bent á rétt til þess að óska eftir rökstuðningi fyrir synjun og upplýsingar um málskots- eða áfrýjunarrétt sbr. 9.gr. reglna þessara.

6.gr. Framkvæmd þjónustunnar

Við upphaf þjónustu er haldinn fundur allra aðila og gerð grein fyrir hlutverki hvers og eins. Gerður er þríhliða tímabundinn reynslusamningur milli stuðningsfjölskyldu, foreldra og Fjölskyldu- og fræðslusviðs, oftast til þriggja mánaða. Ef reynslutími hefur gengið vel er gerður áframhaldandi tímabundinn samningur. Heimilt er að segja upp samningnum á samningstímabilinu með þriggja mánaða fyrirvara á báða bóga. Í samningnum kemur fram fjöldi sólarhringa í mánuði, eða klukkustundafjöldi dagþjónustu, almennar upplýsingar um samningsaðila og verkefni stuðningsfjölskyldunnar. Samningur er almennt endurnýjaður

um áramót. Ef óskað er eftir áframhaldandi þjónustu þegar samningstímabil rennur út er sótt um áframhaldandi þjónustu eftir þörfum hverju sinni.

Um verktakasamning við stuðningsfjölskyldu er að ræða.

Við greiðslur til stuðningsfjölskyldu er höfð til hliðsjónar reglugerð nr. 1205/2008 um greiðslur vegna stuðningsfjölskyldu. Ákvörðun um hækkun greiðslna er tekin við gerð fjárhagsáætlunar árlega og taki mið af samningsbundnum hækkunum launa starfsmanna Vestmannaeyjabæjar.

7. gr.

Heimild vegna sérstakra aðstæðna

Heimilt er að gera samninga við foreldra fatlaðra barna sem víkja frá reglum þessum ef upp koma sérstakar aðstæður, t.d. alvarleg veikindi, andlát eða erfðar félagslegar aðstæður. Slíkir samningar eru gerðir samkvæmt sérstöku mati þjónustuhóps barna.

3.kafli

Málsmeðferð

8.gr.

Heimildir til ákvarðana samkvæmt reglum þessum.

Framkvæmdastjóri Fjölskyldu- og fræðsluviðs eða starfsmenn í umboði hans taka ákvarðanir samkvæmt reglum þessum.

9. gr.

Málskotsréttur

Telji umsækjandi á rétt sinn hallað skv. reglum þessum getur umsækjandi áfrýjað til Fjölskyldu- og tómstundaráðs Vestmannaeyja innan fjögurra vikna frá því honum barst vitneska um ákvörðun. Ráðið skal fjalla um umsókn og taka ákvörðun svo fljótt sem unnt er.

4.kafli

Endurskoðun og gildistaka

10. gr.

Endurskoðun

Reglur þessar skulu endurskoðaðar eigi síðar en fyrir 1. desember 2014.

11. gr.
Gildistaka

Reglur þessar taka gildi frá og með 1. janúar 2013. Reglur þessar eru settar samkvæmt lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum, reglugerð um þjónustu við fötluð börn og fjölskyldur fatlaðra 155/1995 og leiðbeinandi reglum fyrir sveitarfélög um þjónustu stuðningsfjölskyldna 24. janúar 2012.

Samþykkt í fjölskyldu- og tómstundaráði þann 12.12.2012.

Samþykkt í bæjarstjórn þann 20.12.2012.